

Ég hef verið spurður: Hvað hefði ég gert ef ég hefði ekki orðið knattspyrnumaður? Ég hef ekki hugmynd um það. En kannski hefði ég fetað braut sakamanns. Það var mikið um glæpi á þessum tíma. Það var ekki þannig að við færum út að stela. En samt gerðum við það. Stálum alls konar dóti, ekki eingöngu hjólum. Við fórum inn og út úr stórmörkuðum og oft var mér sparkað út af eftirlitsmönnum. Ég þreifst af þessum þjófnuðum og ég er ánægður að pabbi frétti ekki af því.

Pabbi hafði átt eldri bróður sem hét Sabahudin í gömlu Júgóslavíu. Hann var kallaður Sapko og stóri bróðir var skírður í höfuðið á honum.

Sabahudin var hnefaleikamaður, mjög hæfileikaríkur. Hann keppti fyrir BK Radnichi í borginni Kragujevac og varð júgóslavneskur meistari með félagi sínu og var í landsliðinu. En þegar hann var 23 ára og nýgiftur, synti hann út í ána Neretva og það voru talsverðir straumar og ég held að hann hafi átt við veikindi að stríða í hjarta eða lungum. Hann saugst niður í vatnið og druknaði. Þið getið ímyndað ykkur. Þetta var mikið áfall fyrir fjölskylduna og eftir það varð pabbi svolítið heltekinn af þessu. Hann átti allar viðureignir hans á myndböndum og það var ekki bara Sabahudin, heldur líka Ali, Foreman og Tyson og svo auðvitað allar Bruce Lee og Jackie Chan bíómyndirnar á myndböndum.

Það voru þær myndir sem við horfðum á þegar við hégum yfir sjónvarpinu. Það var ekki horft á sænska sjónvarp á því heimili. Við vorum í allt öðrum heimi. Ég var tvítugur þegar ég sá fyrstu sænsku bíómyndina og ég vissi ekkert um sænskar hetjur eða íþróttamenn, Ingimar Stenmark eða slíka. En ég þekkti Ali. Hvílík persóna. Hann baðst aldrei afsökunar og ég mundi það. Hann var flottur náungi. Hann fór sínar eigin leiðir og þannig vildi ég vera og ég hermdi vissa stæla eftir honum. Ég er flottastur! Maður þurfti að hafa töff viðhorf og framkomu í Rosengård og þegar einhver sagði eitthvað slæmt við mann var engin leið að gefa eftir.

En sjaldnast lenti maður í átökum. Ekki á heimavettvangi. Það var frekar að við í Rosengård sem áttum við alla aðra. Ég tók þátt og var meðal þeirra sem tókust á við rasista þegar þeir mótmæltu 30. nóvember. Og einu sinni sá ég hóp frá Rosengård sem réðst að einum strák. Það leit hreint ekki vel út. En þar sem þetta voru strákar af mínu svæði fylgdi ég þeim eftir. Við vorum snaróðir. En stundum var hreint ekki auðvelt að vera töff.

Þegar við pabbi bjuggum við Stenkulaskólann var ég oft seint á kvöldin hjá mömmu og þá neyddist ég til að fara gegnum steipt göng undir Admiralsgötu undir Annelundsbrúnni. Einu sinni, mörgum árum fyrr hafði pabbi verið rændur og laminn sundur og saman og endað á sjúkrahúsi með áverka á lunga. Ég hugsaði oft um það, enda þótt ég reyndi að gera það ekki, en það vaknaði alltaf upp þó ég reyndi að láta

Það ekki gerast. Í þessu hverfi er gata og járnbraut. Þetta var óæskilegt umhverfi, þar voru nokkrir runnar og tveir ljósastaurar. Þar að auki var mjög dimmt þarna. Staurarnir urðu mér til leiðsagnar og ég hljóp eins og vitleysingur á milli þeirra, með mikinn hjartslátt og alltaf hugsaði ég. Það eru áreiðanlega einhverjir vafasamir náungar þarna inni. Eins og þeir sem réðust á pabba og ég lagði mig allan fram. Ég hugsaði, að ef ég hlypi nógu hratt gengi það vel, en kom heim í andnað og var alls ekki líkur Muhammed Ali.

Vitið þið hvað, dag einn fór ég á stefnumót með stelpu. Ég var ekki sérlega öruggur með mig á þeim tíma. Strákurinn með sérkennarann á hælunum og allt það. Það var ekki beint töff. Ég svitnaði við það eitt að biðja hana um símanúmerið hennar. Það var erfitt, en einhvern veginn tókst mér það.

„Eigum við að hittast eftir skóla?“

„Að sjálfsögðu,“ svaraði hún.

Hvað segir þú um Gústav?

Þar var átt við Gustav Adolfs torg sem er milli Triangeln og Storgtorget í miðbænum í Malmö. Henni virtist lítast vel á hugmyndina. En þegar ég kom þangað var hún ekki þar. Ég varð mjög taugaóstyrkur. Þannig vildi ég ekki hafa það og varð óöruggur með mig. Af hverju kom hún ekki? Líkaði henni lengur vel við mig? Það leið ein mínúta, tvær, þrjár, tíu mínútur og að lokum hélt ég ekki lengur út. Þetta var mín versta niðurlæging.

Hún er örugglega búinn að missa áhugann á mér. Hver ætti svo sem að vilja fara á stefnumót með mér? Mér var alveg sama um hana. Ég ætlaði bara að verða fótboltastjarna. En þetta var allt heimskulegt. Strætóinum sem stelpan kom með hafði bara seinkað. Bílstjórinn hefur líklega ákveðið að fá sér sígarettu eða eitthvað annað, hún kom aðeins of seint og varð jafn leið eins og ég.

Ég get ekki sagt að ég hafi haft trú á því. Í mínum vinahópi urðum við ekki lögfræðingar, hreint ekki. Maður gerði fullt af vitleysum og við létum okkur dreyma um að vera töff og við fengum engan beinan stuðning frá foreldrum okkar. Það voru öldósir, júgóslavnesk tónlist og tómur ísskápur og stríðið á Balkanskaga. En stundum gaf hann sér tíma og ræddi um fótbolta við mig og ég varð alltaf jafn glaður. Hann var jú pabbi minn og einn daginn sagði hann. Ég gleymi því aldrei, það var eitthvað hátíðlegt á bak við þetta.

„Zlatan, það er tími til kominn að þú spilar með stórum klúbbi.“

„Hvað áttu við með stórum klúbbi? Hvað er stórklúbbur?“

„Gott lið Zlatan. Topplið eins og Malmö FF

Ég held að ég hafi ekki skilið það fullkomnlega.

Hvað var svona sérstakt með Malmö FF? Ég vissi ekkert um svona lagað, hvað var fint og hvað ekki. En ég vissi af félaginu. Ég hafði spilað á móti þeim með Balkan og hugsaði: Af hverju ekki? Ef pabbi segir að ég eigi að gera það. En ég hafði ekki hugmynd um hvar völluminn væri eða kannski yfirleitt nokkuð annað í borginni. Malmö var reyndar frekar nálægt. En það var algjörlega annar heimur. Ég varð sautján ára áður en ég fór inn í miðborgina og hafði engan skilning á lífinu þar. En ég lærði leiðina á æfingar og komst þangað á hálf tíma með íþróttafötin í Bónuspoka og eitt er víst. Ég var taugaóstyrkur. Í Malmö FF var alvara. Það var ekki þetta venjulega. Komdu og spilaðu með strákur. Maður þurfti að leggja sig allan fram í æfingaleikjum og mér fannst ég ekki vera eins og hinir. Ég var farinn að huga að því að taka fötin mín saman og fara heim. En straxá öðrum degi fékk ég að heyra, það var þjálfari sem hét Nils.

„Þú ert boðinn velkominn í liðið.“

„Meinar þú það?“

Þá var ég þrettán ára og það voru nokkrir útlendingar þarna, þar á meðal Tony. Annars voru þetta bara Svíar, margir frá Limnhamn, yfirstéttardrengir. Mér fannst ég vera eins og frá Marz. Það var ekki bara það að pabbi kæmi aldrei að horfa á leikina og byggja ekki í stóru einbýlishúsi. Ég talaði öðru vísi. Ég sólaði. Ég var snöggur upp á lagið og ég slóst á vellinum. Einu sinni fékk ég gult spjald fyrir að skammast við liðsfélaga mína.

„Svona gerir þú ekki“, sagði dómariinn.

„Farðu til fjandans“, sagði ég og fór í burtu.

Þetta olli óróa meðal sænsku foreldranna. Foreldrarnir vildu losna við mig og ég hugsaði þúsund sinnum: Mér er skítsama um þá. Ég skipti aftur um félag. Eða þá að ég beitti fyrir mér taekwondo í staðinn. Það er meira töff. Fótbolti er fáránlegur. Einhverjir fávitar meðal foreldranna létu lista ganga til að skrifa undir. Zlatan yrði að fara frá félaginu og alls konar lið skrifaði undir. Það fór á milli manna og niðurstaðan varð: Zlatan yrði að fara frá félaginu. Og svo bla..bla.

Þetta var ekki snjallt. Ég hafði átt í útistöðum við son þessa pabba. Ég hafði mátt þola margar tæklingar frá honum og reiddist. Sannast sagna hafði ég skallað hann. En ég var mjög leiður vegna þessa. Ég hjólaði á spítalann og baðst afsökunar. Það var fáránlegt. En þjálfariinn, Åke Kallenberg bara starði á þennan bjána.

„Hvaða fáránlegu hlutir eru að gerast hérna?“

Hann sagðist ekki taka þátt í þessu. Hann var ágætur hann Åke. Eða réttara sagt góður eða ekki góður. Hann hamaðist næstum heilt ár í mér í drengjaflokki og eins og mörgum öðrum þótti honum ég sóla of mikið og rífast of mikið í liðsfélögum mínum, og hefði ekki réttu viðhorfin og afstöðu til allra hluta. Ég lærði mikilvæga hluti á þessum árum. Gat

strákur eins og ég búist við að njóta virðingar. Eða þyrfti hann kannski að vera fimm sinnum betri en Leffe Persson eða hvað þeir hétu allir. Alla vega yrði hann að æfa tíu sinnum meira. Annars átti hann ekki möguleika. Aldrei nokkurn tíma. Og allra síst af því að hann var reiðhjólþjófur.

Ég varð að gera mínar ráðstafanir. Ég vildi það svo sannarlega. Ég var ekki alveg vonlaus. En leiðin á æfingar var löng, sjö kílómetrar og ég gekk oft alla leið. En stundum var freistingin ómótstæðileg, sérstaklega þegar ég sá fallett hjól. Einu sinni stal ég gulu hjóli með fullt af kössum og ég hugsaði. Hvers vegna ekki? Ég stal því og skaust í burtu. En eftir smástund fór ég að undrast. Það var eitthvað öðruvísi með þetta hjól. Og allt í einu komst ég að því að þetta var pósthjól. Ég hjólaði um með bréf fólksins í hverfinu og síðan yfirgaf ég hjólið smáspöl í burtu. Ég vildi ekki líka stela pósti fólks.

Í annað sinn var ég búinn að glata hjólinu sem ég hafði stolið síðast. Ég var framan við leikvanginn og það var langt heim, ég svangur og óþolinmóður. Þess vegna hnuplaði ég hjóli framan við búningsklefana. Ég dirkaði lásinn upp eins og venjulega og hafði gaman af minnir mig. Þetta var gott hjól og ég ákvað að skilja það eftir smá spöl í burtu þannig að eigandinn hefði ekki upp á því. En þremur dögum síðar var kallað til liðsfundar. Þá þegar var ég orðinn leiður á svoleiðis. Svoleiðis fundir höfðu ekkert annað en vandræði í för með sér og ég reyndi alltaf að finna góðar útskýringar. Dæmigert var að ég sagði: „Það var ekki ég.“ En sannast sagna fjallaði fundurinn un þjófnað á reiðhjóli aðstoðarþjálfarans.

„Hefur einhver hérna séð það?“

Enginn hafði séð það. Ekki ég heldur. Ég meina, að í þessu liði segir maður ekkert. Þannig er það bara. Þú lætur líta út fyrir að vera heimskur. Æ, hvað þetta er leiðinlegt, hjóli hefur líka verið stolið frá mér. En samt fylltist ég ótta. Hvað hef ég gert? Og hvaða fjandans vesen er þetta! Hjól aðstoðarþjálfarans. Maður á að sýna þjálfurunum virðingu. Það var mín skoðun. Eða réttara sagt, þá átti maður að hlusta á þá og læra af þeim, hópefli, leikaðferðir og allt svoleiðis. En eiginlega vildi ég ekki hlusta. Svona eins og ég hætti ekki einleiknum og trixunum. Hlusta! Hlusta! Nei, ekki. Það var mín hugmyndafræði. En að stela hjólunum þeirra? Mér fannst það ekki passa alveg. Ég varð órólegur og fór til aðstoðarþjálfarans.

„Eiginlega er það hér. Ég fékk hjólið þitt aðeins lánað. Þú færð það aftur á morgun.“

Ég setti upp versta sorgarsvipinn minn og ég held að það hafi haft sín áhrif. Brosið kom mér til hjálpar á þeim árum og ég gat kallað fram skemmtilegheit þegar ég þyrfti mest á þeim að halda. En það var ekki auðvelt. Ég var bara svartí sauðurinn. Ef æfingabúningar hurfu var

skuldinni skellt á mig. Það var að sumu leyti eðlilegt. Ég var fátækur. Meðan aðrir voru í fótboltaskóm af bestu tegund og gerð, Adidas eða Puma með kengúruskinni, þá keypti ég mína í stórmarkaðinu á fimmtíu og níu og níutíu. Það voru fáein pör sem voru rétt hjá tómtunum og grænmetinu. Þannig var þetta lengi vel.

Þegar liðið fór til útlanda voru margir með sér tvö þúsund krónur í vasapening. Það var dæmigert að ég væri með tuttugu krónur og stundum trassaði pabbi að borga leiguna til að ég kæmist. Frekar vildi hann vera blankur en að láta mig vera heima. Það var fallega gert. En samt gat ég ekki borið mig saman við vini mína.

„Komdu með Zlatan, við skulum fáum okkur pizzu eða hamborgara.“

„Nei,seinna. Ég er ekki svangur. Ég rölti um í staðinn.“

Ég reyndi að skjóta mér undan og vera samt með. Það var allt í lagi. En það fór í hönd óvissutímabil. Það var samt ekki þannig að ég vildi vera eins og allir hinir. En kannski samt. Ég vildi læra þeirra hætti. Vera með merkilegheit eins og þeir. En ég fór mest mínar eigin leiðir, segja má að það hafi verið mitt vopn .

Ég sá féлага mína sem voru af mínu sauðahúsi spila sig sem einhverskonar yfirstétt. Það var alltaf asnalegt hvernig þeir rembdust og ég hugsaði að ég gæti gert alveg þveröfugt, að fara mínar eigin leiðir. Í staðinn fyrir að segja. „Ég á bara tuttugukall“ þá sagði ég: „Ég á ekki einn einasta eyri.“ Það var meira töff. Eiginlega galnara. Ég var töffari frá Rosengård. Ég var öðru vísi. Það varð einkenni mitt og þannig þreifst ég vel og mér var alveg sama þótt ég hefði ekki grænan grun um átrúnaðargoð sænsku strákanna.

Stundum vorum við boltastrákar á leikjum aðalliðsins og af og til lék Malmö FF sannkallaða stórleiki og félagar mínir voru snaróðir og vildu fá eiginhanda-áritanir hjá stjórnunum, sérstaklega einhvers sem heitir Thomas Ravelli og var greinilega stjarna á heimsmælikvarða eftir fáeinar vítaspyrnur á HM. Ég hafði aldrei heyrst minnst á náungann, en ekki eins og ég hafi reynt það. Ég sóttist ekkert eftir því, en auðvitað hafði ég séð HM. En semsagt. Ég var frá Rosengård. Ég gaf skít í Svíana. Ég hafði haldið upp á Brasilíumennina, Romario og Bebeto og þá alla. Það eina sem vakti áhuga minn á Ravelli voru stuttbuxurnar hans. Ég hefði alveg getað hugsað mér að eiga einar svoleiðis.

Við vorum ekki svo margir sem vorum í því, ekki nógu margir í lið. En hugsunin á bak við þetta var að koma í veg fyrir að við færum úr félaginu og oft spiluðum við með strákum úr varaliðinu og spiluðum af og til við lið í þriðju deild. Það var ekkert merkilegt, en ég fékk tækifæri til að sýna mig.

Stundum æfðum við með aðalliðinu og þá reyndi ég að gæta mín.

Yfirleitt reyna strákar í unglingsflokkum ekki að sýna einleik. Þeir fara

aldrei í harkaleg návígi og öskra: „helvítis fiflið þitt!“ En hvers vegna ekki. Ég hafði engu að tapa. Ég gaf allt í leikinn. Ég lagði mig fram og sannast sagna var talað um mig. „Hvað heldur hann að hann sé?“ og ég tautaði: „Farið til fjandans!“ sagði ég og reyndi að blekkja þá. Ég lék töff gæjann og stundum horfði Roland Andersson þjálfari aðalliðsins á. Í byrjun vöknudu vonir. Heldur hann að ég sé góður eða hvað? En það breyttist vegna alls þess sem gerðist í kringum mig. Þegar ég sá hann við hliðarlínuna hugsaði ég bara: Hann hefur örugglega heyrt eitthvað nagg. Einhver klögumál. Þá fannst mér fótboltinn ekki veita mér það sem ég vildi og heldur ekki í öðrum félögum, það lá ljóst fyrir. Ég var ennþá feiminn og óframfærinn og oft borðaði ég bara hádegismat í skólanum. Ég át eins og óður maður. Annars var ég útaf fyrir mig. Ég trassaði allt, þangað til að ég hætti í skólanum fyrir fullt og allt og heima var ekkert annað en erfiðleikar og rifrildi.

Það var eins og jarðsprengjusvæði og ég dró mig í hlé og gerði trixín mín í garðinum. Ég setti upp myndir af Ronaldo í herberginu mínu. Ronaldo var minn maður. Ekki bara fyrir tækni sína og mörkin á HM. Ronaldo var flottur að öllu leyti. Hann var einhver sem ég vildi líkjast. Leikmenn sænska landsliðsins. Hvað voru þeir eiginlega? Þar var engin stórstjarna, enginn sem allur heimurinn talaði um. Ronaldo var hetjan mín, ég stúderaði hann á netinu og reyndi að ná hreyfingum hans og ég hélt að ég yrði töff. Ég dansaði með boltann.

En hvað fékk ég fyrir það? Ekkert hélt ég. Strákar eins og ég áttu engan séns. Ég átti aldrei eftir að verða stjarna þrátt fyrir þá hæfileika sem ég hafði. Þannig horfði það við mér. Ég var búinn. Ég var ekki á réttri hillu og reyndi að finna mér annan vettvang. En ég hafði ekki orku til þess.

Ég spilaði bara með. Einn daginn stóð Roland Andersson við hliðarlínuna og horfði á undir 20 ára liðið á velli númer eitt. Sá völlur er ekki lengur til. En það var grasvöllur rétt hjá aðalleikvanginum í Malmö og eftir það var mér sagt að Roland Andersson vildi ræða við mig. Ég varð stressaður, sannast sagna og fór að hugsa;

Stal ég hjóli? Hef ég skallað einhvern? Ég fór nú í huganum yfir allt heimskulegt sem ég hafði gert og það var talsvert margt. En ég gat ekki ímyndað mér hvernig eitthvað af því hafði borist fyrir hans eyru og ég úthugsaði þúsund tilefni til að komast hjá því að hitta hann. Roland er talsvert hávær maður með djúpa rödd. Hann er ágætur, en samt talsvert strangur. Hann er svolítið yfirþyrmandi inn í herbergi og sannast sagna fann ég fyrir miklum hjartslætti.

Roland Andersson. Ég hafði heyrt að hann hefði spilað á HM í Argentínu. Hann var ekki aðeins ein af gömlu stjórnunum í MFF á stórveldistímanum. Hann hafði líka verið landsliðsmaður. Náungi sem naut virðingar og hann sat við skrifborðið sitt og brosti hreint ekki. Hann

leit út fyrir að vera alvarlegur og nú hét ég að komið væri að skömmunum.

„Heyrðu Roland. Hvað segir þú. Vildir þú mér eitthvað?“

Ég reyndi alltaf að sýna talsverða djörfung. Það var eitthvað sem ég hafði lært á unglingsárunum. Maður mátti ekki líta út fyrir að vera veikgeðja.

„Sestu!“

„Það er allt í lagi. Það er enginn dáinn. Slakaðu á. Ég lofa því.“

„Zlatan! Það er kominn tími til að þú hættir að spila með krökkunum.“

Með krökkunum? Hvað er hann að tala um hugsaði ég. Og hvern fjandann hafði ég gert af mér?

„Hvað áttu við?“ sagði ég. „Ertu að tala um eitthvað sérsakt?“

„Það er tími till kominn að þú spilir með stóru strákunum.

Ég skildi ennþá ekki hvað hann átti við.

„Hvað?“

„Velkominn í aðalliðið strákur,“ sagði hann og því augnabliki get ég aldrei lýst, aldrei nokkurn tíma.

Það var eins og ég hækkaði um tíu metra og ég er viss um að ég fór út, stal nýju hjóli og upplifði mig sem mesta töffarann í bænum.